



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einholtsskóli, Hlíðarhúsaskóli

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einholtsskóli Hlíðarhúsaskóli

Formáli

Skjöl Einholtsskóla bárust ekki Borgarskjalsafni þegar hann var lagður niður heldur voru þau fyrir misskilning send nýjum sameinuðum skóla (Einholts- og Hlíðarhúsaskóla), sem fékk nafnið Brúarskóli og stendur við Vesturhlíð, þar var áður Heyrnaleysingjaskólinn. Einholtsskóli var starfræktur í Einholti 2 í Reykjavík og dregur nafn sitt af götunni. Hlíðarhúsaskóli var starfræktur í Vesturhlíð 3, við hlið Heyrnleysingjaskólans.

Þann 3. mars 2006 barst skjalasending til Borgarskjalsafns frá nefndum skólum, aðallega skýrslur og einstaklingsmál Einholtsskóla, Einholtsskóli og Hlíðarhúsaskóli verða í einni skjalaskrá.

Saga Einholtsskóla

Árið 1972 var Upptökuheimili ríkisins stofnað að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi. Þar voru vistaðir allt að 10 unglingar í einu í langtímameðferð og í kjallara hússins var rekinn skóli fyrir unglingana, Skóli Upptökuheimilis ríkisins.

Haustið 1985 flutti meðferðarheimili UHR að Sólheimum 7 í Reykjavík en neyðarathvarf var áfram rekið í Kópavoginum. Samtímis flutti skólinn og starfsemi hans breyttist í meginatriðum því nú var honum ekki eingöngu ætlað að sinna þeim unglingum sem vistaðir voru á meðferðarheimilinu heldur gátu þeir haldið áfram skólagöngu þar þó vistun lyki. Jafnframt tók skólinn inn nemendur sem búsettir voru í foreldrahúsum eða annars staðar. Við stjórn skólans tók Guðlaug Teitsdóttir. Yfirstjórn var áfram í höndum forstöðumanns Unglingaheimilis ríkisins, Kristjáns Sigurðssonar og skólinn rekinn á sömu forsendum og aðrar deildir Unglingaheimilisins að því undanskildu að laun kennara voru fyrir utan fjárveitingar til Unglingaheimilisins. Kennarar voru tveir auk Guðlaugar og sinntu þeir jafnframt skjólstæðingum Neyðarathvarfsins í Kópavoginum.

Fyrsta veturinn fékk skólinn inni til bráðabirgða í kjallara Vogaskóla og þótti sú staðsetning hentug vegna unglinganna sem sóttu skólann frá Sólheimum 7. Veturinn 1986 - 1987 var skólinn til húsa að Laugavegi 164 í húsnæði sem Landsbókasafnið hafði þá nýlega fengið til umráða. Haustið eftir var skólinn á götunni og flutti í september að Höfðabakka 9, skrifstofuhúsnæði sem var ætlað Tækniskóla Íslands. Um áramótin var gengið frá kaupum á húsnæði fyrir skólann að Einholti 2, þangað flutti skólinn í janúar 1988.

Haustið 1988 voru þrír kennarar ráðnir í fullt starf auk "skólastjóra". Haustið 1990 lá fyrir að Unglingaheimili ríkisins stofnaði meðferðardeild fyrir unga vímuefnaneytendur að Tindum á Kjalarnesi og bættist þá ein kennarastaða við skólann þar sem Einholtsskóla var ætlað að sjá um kennslu skjólstæðinga Tinda. Frá því í janúar 1991 og þar til starfsemi Tinda var lögð niður sumarið 1996 sáu kennarar skólans um kennslu þeirra unglinga sem þar voru vistaðir, síðasta veturinn voru Tindar reknir sem dagdeild.

Samkvæmt sérkennslureglugerð frá árinu 1990 varð Skóli Unglingaheimilis ríkisins sjálfstæður skóli og fékk þá nýtt nafn og "formlegan" skólastjóra. Þrátt fyrir stjórnunar- og skipulagslegar breytingar sinnir Einholtsskóli skjólstæðingum Unglingaheimilis ríkisins áfram á sama hátt og áður. Árið 1995 var nafni Unglingaheimilis ríkisins breytt í Meðferðarstöð ríkisins og Barnaverndarstofa tók við sem yfirrekstraraðili meðferðarheimila.

Í júní 1996 var starfsemi meðferðarheimilisins í Sólheimum 7 lögð niður, en við það urðu kaflaskil í sögu skólans þar sem 4-6 manna hópur unglinga í langtímameðferð hafði alltaf verið kjarni innan hóps fastra nemenda skólans. Starfsemi greiningardeildar og lögregluvistunar í Efstasundi 89 og starfsemi Tinda fluttist að Stuðlum haustið 1996.

Frá hausti 1996 hefur skólastarf á meðferðarheimilinu Bakkaflöt í Skagafirði verið rekið undir stjórn Einholtsskóla. Í lok ársins 1998 var starfsemin flutt í Háholt í Skagafirði.

Einholtsskóli var sérskóli fyrir unglinga sem geta ekki, samkvæmt mati á heildaraðstæðum og þá sérstaklega vegna félagslegra erfiðleika, stundað nám í almennum skóla. Séraðstaða skólans innan skólakerfisins fólst m.a. í því að skólanámið er hluti af heildarferli þar sem er unnið er að því að styrkja aðstæður nemandans utan skólans jafnhliða náminu. Skólinn var einn af grunnskólum Reykjavíkur. Réttur til skóalvistar er ekki bundinn ákveðnu sveitarfélagi og geta nemendur fengið fasta skólavist að því tilskildu að þeir geti sótt skólann daglega. Nemendur gátu hafið nám í 8. bekk og lokið grunnskólanum þar. Nemendur voru 15-17 í fastri skólavist, einnig var vistun að Stuðlum (Meðferðarstöð ríkisins) í Háholti í Skagafirði.

Hlíðahúsaskóli var sérskóli og ráðgjafarskóli fyrir börn og unglinga frá 10-16 ára aldri, sem vegna alvarlegra atferlistruflana og geðraskana geta ekki stundað nám tímabundið eða ótímabundið í almennum grunnskólum Reykjavíkur. Nemendur voru um 15-20. Skólinn var einnig ráðgjafarskóli fyrir kennara í Grunnskólum Reykjavíkur, sem eru með nemendur með alvarlegar atferlistruflanir og geðraskanir. Nemendur sem fengu inngöngu í skólann skulu hafa greiningu frá BUGL og / eða Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins.

Sjá nánar vefsíðu Einholtsskóla <http://einholtsskoli.ismennt.is/saga.htm>

Skjölin voru send Borgarskjalasafni í mars 2006, september 2009 og apríl 2012 af Ásdísi Bragadóttur, einnig voru þar skjöl Brúarskóla.

Tímabil 1985-2004.

Skjalaskrá

Flokkur A. Fundargerðir og Flokkur B. Bréfa- og málafn

Askja B-1

Fundargerðir:

Örk 1

Fundargerðir samráðsfunda fræðslustjóra og skólastjóra í ágúst 2002 til maí 2003, Fundur skólastjóra í hverfi 2 í Réttarholtsskóla, 2002, kennarafundir, starfsmannafundir Kennarafundabók 2002-2003.

Einholtsskóli. Upplýsingar um hlutverk og rekstur. 8.15.1995.

Verkefnaskipan: Stefna skólans, lýsing á skólanum, námsmat, matsþættir, innritun - útskrift – eftirfylgni o.fl.

Drög að hugmyndum að ráðgjafardeild Hlíðarhúsaskóla. Innri ráðgjöf og uppbygging 25.2.2002.

Bréfa- og málafn:

Örk 1

Einholtsskóli: Bréfa- og málafn 2001-2003

Bréf inn, lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara o.fl., samningur við Íslenska menntanetið, ungmennaráð í hverfum borgarinnar, bólusetning, þróun á Stundvísi, ýmis tilboð, dreifibréf o.fl., hópastarf Fjölskyldumiðstöðvar.

Vinnueftirlitið, tillaga umframtíðarskipan skólamála á Stuðlum, viðmið heilsugrunnskóla, vinna við stefnumörkun skólalóða, fyrirkomulag tónlistarnáms, 2002.

Stjórnsýsluendurskoðun á fræðslumálum grunnskóla 2001, spurt um rétt foreldra til að taka börn sín tímabundið úr skóla vegna ferðalaga 2001, verkferlar hjá Barnavernd Reykjavíkur 2002, verkferlar vegna samstarfs skóla og borgarhluta vegna nemenda í vanda, 2002.

Örk 2

Einholtsskóli: Bréfa- og málafn 2002-2003.

Bréf inn og út, kynning á ritgerð um einelti, ábendingar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins um lagfæringar á Einholti 2, samvinna grunnskóla og tónlistarskóla, stýrihópur um undirbúning stofnunar þjónustumiðstöðva, Stuttmynd gefin Fræðslumiðstöð, dreifibréf til foreldra, Farmiðar með strætisvögnum til nemenda grunnskóla, samræmd dagsetning fyrir skólabyrjun og vetrarfrí í skólum, Reglur um samskipti foreldraráða og skólayfirvalda í grunnskólum, kynning á bækling um sálfræðiþjónustu skóla, 2003.

Örk 3

Einholtsskóli: Bréfa- og málafn 2002-2003.

Símenntun starfsmanna, áætlun um starfsemi skólans 1996-1997, fjárhagsstaða skólans 2000 o.fl.

Tölvupóstur vegna innritun nemenda í framhaldsskóla, skráning í samræmd próf, skráðir nemendur í Einholtsskóla, beiðni um Græna kortið o.fl. 2002-2003.

Húsnæðismál Dalbrautarskóla 2001.

Skýrsla. Drög að tillögum og tillögur starfshóps o.fl. um sérúrræði fyrir nemendur með geðræna og félagslegan vanda 1999-2003, og athugasemdir við þeim.

Ársskýrsla Hlíðarhúsaskóla 2002-2003 o.fl.

Flokkur C. Einstaklingsmál nemenda

Askja C-1

Einstaklingsmál: Nemendur, skráning 1986-1993 og 2000-2002.

Listar, umsagnir um nemendur, skýrslur, umsóknir. *Trúnaðarmál.*

Fjárhagsáætlun ársins 2002 (drög), Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 19. október 2001.

Fjárhagsstaða skólans fyrstu 3 mánuði ársins 2003 og útkomuspá fyrir árið 2003.

Launagjöld og rekstraráætlun 2002-2003.

Hlíðarhúsaskóli:

Fjárhagsáætlun ársins 2003, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 3.1.2003.

Skólanámsskrá Hlíðarhúsaskóla skólaárið 2002-2003.

Askja C-2

Einstaklingsmál: Nemendur, skráning, spjaldskrár 1997-2001.

Umsóknir um skólavist, skólaskýrslur, umsagnir um nemendur. *Trúnaðarmál.*

Askja C-3

Einstaklingsmál: umsagnir um nemendur 1998-2002.

Vitnisburðir, skólaumsagnir, próf. Einstaklingsnámskrár. *Trúnaðarmál.*

Askja C-4

Hlíðarhúsaskóli:

Greiningar BUGL á nemendum, M og Ó *Trúnaðarmál.*

Einholtsskóli:
Greiningar BUGL á nemendum, A-K. *Trúnaðarmál.*

Askja C-5

Einholtsskóli:
Greiningar BUGK á nemendum, S-Ó. *Trúnaðarmál.*

Örk 1-4
Skýrslur kennara á Stuðlum vegna greiningafunda 1997-2000. *Trúnaðarmál.*

Askja C-6

Örk 1
Skýrslur kennara á Stuðlum vegna greiningafunda 2001. *Trúnaðarmál.*

Örk 2
Skýrsla kennara um endurmat á námi nemanda 2002. *Trúnaðarmál.*

Örk 3
Skýrsla kennara um endurmat á námi nemanda 2003-2004. *Trúnaðarmál.*

Örk 4
Skólaumsögn 2002 og vor 2003, námsmat, samræmd próf, vitnisburður, starfsrammi, umsókn um skólavist o.fl. í Einholtsskóla. *Trúnaðarmál.*

Örk 5
Einholtsskóli: Skólaumsögn 2001- 2003, námsáætlanir, námsmat, vitnisburður o.fl. *Trúnaðarmál.*

Örk 6
Einholtsskóla: Skólaumsögn 2001- 2003, námsáætlanir, námsmat, samræmd próf, vitnisburður o.fl. *Trúnaðarmál.*

Askja C-7

Einstaklingsmál: Nemendur: A-Ö. Persónumöppur nemenda í ráðgjafarskólanum að Hlíðarhúsum 2001, hálfssársskýrslur o.fl. *Trúnaðarmál.*

Örk 1
Einstaklingsmál í Hlíðarhúsaskóla, vitnisburðir um nemendur 2003, einstaklingsnámsskrár, umsókn um skólavist ásamt nemendaspjaldi, þjónustusamningar vegna nemenda með sérþarfir o.fl. *Trúnaðarmál.*

Flokkur D. Kladdar, spjaldskrá o.fl.

Askja D - sjá C-7

Dagbækur – Kladdar:2001-2002 (tveir kladdar án auðkennis).
2002-2003, Einholtsskóli 8-10. b.

Flokkur E. Nemendafélög, skólablöð o.fl.

F. Flokkur. Starfsmannamál, handbækur, skólanámsskrá, foreldraráð

Askja F-1

Einholtsskóli: Skýrsla skólaárið 1989-1990.
Vorskýrsla 1994, 1995, 1996, 1997, 1998, 1999, 2000, 2001, 2002 ásamt skólamatsskrá A-hluta.
Kafar úr skólamatsskrá ætlaðir nemum HÍ til upplýsingar um skólann 2002.
Skólanámsskrá Einholtsskóla skólaárið 2000-2001.
B - námsskrár einstakra greina.
Um skólahald, Einholtsskóli 1990-1991.

Starfsreglur Einholtsskóla, hlutverk, stefna o.fl. drög 1997.
Starfsreglur Einholtsskóla, hlutverk o.fl. janúar 1998.

Örk 1

Ráðningarsamningar o.fl. í Hlíðarhúsaskóla 2001-2003. *Trúnaðarmál.*

Örk 2

Styrkir vegna kynnisferðar kennara Einholtsskóla til Bandaríkjanna 1998.
Starfsumsóknir í Einholtsskóla 2002-2003 og fylgigögn, ráðningarsamningar, starfslýsingar, starfslýsing o.fl. *Trúnaðarmál.*
Skólareglur og vinnureglur kennara Einholtsskóla og námskrá, án árs.
Skólanámsskrá Dalbrautarskóla 2003-2003, stundatöflur Einholtsskóla 2003.
Skólanámsskrá Einholtsskóla 1993-1994 og 1989-1990.

Örk 3

Starfsmannamál Hlíðarhúsaskóla, vinnuskýrslur 2003, vinnureglur og Vinnueftirlit ríkisins o.fl.

G. Flokkur. Prentað mál. Skóla- og upplýsingabæklingar

Askja G-1

Skýrsla skóla **UHR** (e.t.v. skammstöfun fyrir Unglingaheimili ríkisins) 1986-1987, útg. maí 1987.
Skýrsla skóla **UHR** 1987-1988, útg. maí 1988.
Skýrsla skóla **UHR** 1988-1989, útg. maí 1989.
Upplýsingabæklingar um samsvarandi stofnanir m.a. Wediko Summer Program. Pappírar frá USA:
Hagsýsla ríkisins: Málefni barna og unglunga. Stjórnarsýsla, skipulag og rekstur, október 1993.
Þátttökunám eða Service-Learning. Fyrsti hluti úr skýrslu úr námsferð skólastjóra, starfsmanna Fræðslumiðstöðvar og fulltrúa úr fræðsluráði, 2003.
Umslag: Myndir frá Bandaríkjunum 1989.

Askja G-2

Skólar á Íslandi. Gerður. G. Óskarsdóttir, Menntamálaráðuneytið, 1990.
Dalbrautarskóli 1999. Mat á skólastarfi og starfsskilyrðum, M. Allyson Macdonald, 1999.
Aukin gæði náms. Skóli sem lærir. Jón Baldvin Hannesson o.fl., 2002.
Helstu áhersluatriði í starfsemi unglingadeildar BUGL 2002. Skýrsla.
Starfshópur um sérúrræði fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda, mars 2003.
Ráðgjafarskóli. Sérúrræði fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda. - Skýrsla starfshóps um sérúrræði fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda, apríl 2003.
Sjónarmið ungs fólks varðandi sérkennslu. EuroNews 11.
Lykilatriði á sviði sérkennslu. Leiðarvísir fyrir stefnumótandi aðila, án árs.
Upplýsinga- og samskiptatækni á sviði sérkennslu, án árs.
Umskipti úr skóla og út í atvinnulífið. Meginreglur og tillögur fyrir stefnumótandi aðila, án árs.

Vorskýrsla Einholtsskóla 1995, 1996, 1998 og 1999.
Einholtsskólablaðið 1993-1994 og maí 1999.

H Flokkur. Fjármál

Askja H sjá G-2

Örk 1

Rekstraráætlun og fylgiskjöl fyrir Einholtsskóla 2002.
Fjárhagsáætlun 1997, 1998, 2000 og 2001.

I Flokkur. Ljósmyndir

Askja I-1

Ljósmyndabækur 1995-2000

Ljósmyndabók 1995. Unglingaheimili ríkisins.
Ljósmyndabók 1995-1996. Unglingaheimili ríkisins.
Ljósmyndabók 1996-1997. Einholtsskóli.
Ljósmyndabók 1997-1998. Einholtsskóli.
Ljósmyndabók 1997-1998. Einholtsskóli.
Ljósmyndabók 1998-1999. Einholtsskóli.
Ljósmyndabók 1999-2000. Einholtsskóli.

Askja I-2

Ljósmyndabækur 1999-2001

Ljósmyndabók 1998-1999. Einholtsskóli.
Ljósmyndabók 2000. Einholtsskóli.
Ljósmyndabók 2000-2001. Einholtsskóli.
Ljósmyndabækur 1 stk. án titils og án árs.

Ljósmyndabækur 1985-2002 lausar í hillu

Ljósmyndabók 1985-1986. Unglingaheimili ríkisins.
Ljósmyndabók 1987. Unglingaheimili ríkisins.
Ljósmyndabók 1988-1989 og 2003. Unglingaheimili ríkisins.
Ljósmyndabók 2002. Einholtsskóli.
Ljósmyndabækur 3 stk. án titils og án árs.

J Flokkur. Ýmislegt tóm.

Skráð í apríl 2006, Guðjón Indriðason
Skráð í júlí 2012, Jakóbína Sveinsdóttir